

bænda
FERÐIR

SVIGSKÍÐAFERÐ TIL SAALBACH- HINTERGLEMM



24. - 31. janúar 2026

Fararstjórn: Sævar Skaptason

Hreyfiferð

Austurríki

Ferðalýsing

Saalbach - Hinterglemm hefur stundum verið nefnd skíðaparadís Alpanna og ekki að ástæðulausu. Þúðursnjór, fjölbreyttar brekkur og kristaltært loft gerir skíðaferð til Saalbach - Hinterglemm að ógleymanlegu fríi og lætur engan ósnortinn. Þessir tveir líflegu systrabæir eru í 1000 m hæð og eru skíðabrekkurnar samtals um 270 km á öllum erfiðleikastigum. Gist er á 4* hóteli í Hinterglemm þar sem morgunverðarhlaðborð og kvöldverður er innifalið. Skíðalyftur eru staðsettar rétt hjá hótelinu og mikill kostur að geta farið beint í skíðalyfturnar á morgnana. Hótelið býður upp á heilsulind, stutt er í miðbæinn með fjöldann allan af líflegum aprés-ski börum. Flogið er með Icelandair til Salzburgar og ekið sem leið liggur beint á hótelið í Hinterglemm. Fararstjóri er með hópnum alla ferðina og gistir á sama hóteli.

8 dagar | 7 nætur



Skíðasvæðið

Skíðabrekkurnar eru samtals um 270 km og er úr mörgu að velja. Hæsta skíðabrekkan er í 2.096 m hæð yfir sjó en bærin Hinterglemm er í 1000 m hæð. Skíðabrekkurnar skiptast í 140 km af bláum brekkum (léttar), 112 km af rauðum brekkum (miðlungs) og 18 km af svörtum brekkum (erfiðar). Brekkur svæðisins eru að sjálfsgöðu tengdar saman, hvort sem þær tilheyra Saalbach eða Hinterglemm. Því ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í þessari skíðaparadís. Í boði eru um 70 skíðalyftur sem flytja fólk á milli fjölbreyttra skíðabrauta. Fyrir þá sem eru á snjóbrettum er svæði sérstaklega gert fyrir snjóbrettaiðkendur. Víðsvegar á skíðasvæðinu eru veitingaskálar og barir þar sem upplagt er að setjast niður og njóta yndislegs útsýnis og hvíldar yfir kakóbolla áður en haldið er áfram. Sjá nánari upplýsingar á [vefsíðu Saalbach - Hinterglemm](#) svæðisins.



Hótel



Hotel Almrausch er 4* alpaþótel í Saalbach Hinterglemm. Öll herbergin eru með sturtu, sjónvarpi, öryggishólfi og hárpurrku. Á hótelinu er heilsulind með finnskri saunu, gufubaði og innfrarauðri saunu og svæði þar sem gott er að slappa af eftir góðan dag í fjöllum. Á hótelinu er hlýlegur sælkeraveitingastaður. Hótelið er staðsett í aðeins 5 mínútna göngufjarlægð frá miðbæ Hinterglemm þar sem finna má skíðaleigur,

verslanir og fjölmarga líflega aprés-ski bari. Sjá nánar á [vefsíðu hótelsins](#).

Flugið

Flogið verður með Icelandair til Salzburg þann 24. janúar. Brottför frá Keflavík kl. 8:00 en mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst fyrir brottför. Lending í Salzburg kl. 12:50 að staðartíma. Frá flugvellið í Salzburg eru um 90 km til Saalbach-Hinterglemm svo gera má ráð fyrir að rútuferðin taki um 1,5 klst. Á brottfarardegi er flogið heim kl. 14:00 frá Salzburg. Lending á Íslandi kl. 17:30.



Verð

398.900 kr. á mann í tvíbýli | 157.100 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair til Salzburgar og flugvallarskattar.
- ✓ Rútuferð á milli flugvallarins í Salzburg og beint á hótelið í Hinterglemm.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með baði á 4* hóteli í Hinterglemm.
- ✓ Glæsilegt morgunverðarhlaðborð.
- ✓ Síðdegishressing.
- ✓ Fjögurra rétta kvöldverður með valmatseðli, forréttar- og salatbar.
- ✓ Aðgangur að öllu því sem heilsulind hótelsins hefur upp á að bjóða.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Skíðapassi (6 daga skíðapassi fyrir fullorðinn u.þ.b. € 410)
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Aukagjald fyrir skíði í flug.
- ✓ Forfalla- og ferðatrygging.

